# Gæðakröfur til hrámjólkur frá mjólkurframleiðendum

## GÆÐAKRÖFUR HAFA VERIÐ ÓBREYTTAR FRÁ 1. JÚLÍ 2006.

Opinberar kröfur um gæði hrámjólkur hafa verið óbreyttar frá 1. júlí 2006, en þá tók gildi reglugerð nr. 528/2006 um breytingu á reglugerð um mjólk og mjólkurvörur, nr. 919/2002. Samtímis tóku gildi nýjar Reglur nr. 503/2006 um flokkun mjólkur og verðfellingar vegna líftölu, frumutölu og lyfjaleifa.

Samantekt á reglum um flokkun mjólkur, verðfellingar og verðbætur vegna gæðaþátta eru í eftirfarandi töflu:

Flokkunarmörk, verðfellingar og A-greiðslur vegna hrámjólkur eru skv. eftirfarandi töflu frá 1. júlí 2006:

| Gæðaþáttur | Rannsóknartíðni | Flokkar | Mörk | Umbun í kr/lítra og skerðing í % af afurðastöðvaverði | Kr/lítra, 1. júl 06 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Frumutala**<br>*1000 frumur/ml* | 1 sinni í viku, reiknast af faldmeðaltali mánaðar[1] | 1A<br>1<br>2<br>3 | - 220<br>221 - 400<br>401 - **500**<br>**501** - | + 1,0 kr/ltr [2]<br>0<br>**-5%**<br>**-18%** [3] | + 1,00 [2]<br>0,00<br>**-2,27**<br>**-8,18** |
| **Líftala, Bactocan**<br>*1000 einingar/ml* | 1 sinni í viku, einstök mæling gildir [4] | 1A<br>1<br>2<br>3<br>4 | - 40<br>41 - 400<br>401 - 600<br>601 - 3000<br>3001 - | + 1,0 kr/ltr [2]<br>0<br>**-4%**<br>**-9%**<br>**-15%** | + 1,00 [2]<br>0,00<br>**-1,82**<br>**-4,09**<br>**-6,82** |
| **Lyfjaleifar** [5] | A.m.k. 1 sinni í mánuði | 1A<br>1<br>2 | Verður að standast kröfur um 1. fl.<br>Engar mælanlegar leyfar<br>Mælanlegar leyfar | + 1,0 kr/ltr [2]<br>0<br>**-15%** | + 1,00 [2]<br>0,00<br>**-6,82** |
| **Hitaþolin líftala** [6]<br>*1000, einingar/ml* | Eftir þörfum | 1A<br>1<br>2<br>3 | Verður að standast kröfur um 1. fl.<br>- 5<br>6 - 25<br>26 - | + 1,0 kr/ltr [2]<br>0<br>0<br>0 | + 1,00 [2]<br>0<br>0<br>0 |
| **Kuldaþolin líftala** [6]<br>*1000 einingar/ml* | Eftir þörfum | 1A<br>1<br>2<br>3 | Verður að standast kröfur um 1. fl.<br>- 25<br>26 - 100<br>101 - | + 1,0 kr/ltr [2]<br>0<br>0<br>0 | + 1,00 [2]<br>0<br>0<br>0 |
| **Líftala loftfælinna dvalargróa** [6] | Eftir þörfum | 1A<br>1<br>2<br>3 | Verður að standast kröfur um 1. fl.<br>Enginn vöxtur<br>Vöxtur eftir 48-72 klst<br>Vöxtur á fyrstu 48 klst | + 1,0 kr/ltr [2]<br>0<br>0<br>0 | + 1,00 [2]<br>0<br>0<br>0 |
| **Lykt og bragð** [6] | Eftir þörfum | 1A<br>1<br>2<br>3 | Verður að standast kröfur um 1. fl.<br>Engin prufa með lyktar-/bragðgalla<br>Greinilegur lyktar-/bragðgalli<br>Áberandi lyktar-/bragðgalli | + 1,0 kr/ltr [2]<br>0<br>0<br>0 | + 1,00 [2]<br>0<br>0<br>0 |

[1] Reiknað er þriggja mánaða meðaltal vegna lágmarkskrafna en mánaðarmeðaltal vegna flokkunar.

[2] Innvigtuð mjólk mánaðarins er A mjólk svo fremi að hún standist allar kröfur um 1A.

[3] 18% (m.v. afurðast.verð) að jafnaði en ef flokkun verður þrjá mánuði í röð í 3. flokk þá verður verðskerðing fyrir þriðja mánuðinn 36% og ef flokkun verður fjóra mánuði í röð eða oftar í 3. flokk þá verðskerðist fjórði mánuðurinn og þeir mánuðir sem þar koma á eftir í þriðja flokki um 54%.

[4] Einstök mæling gildir og verðfelling er miðuð við innlegg mánaðarins. Ef t.d. 4 mælingar falla í 2. fl. þá leggjast verðfellingarnar saman og verða 4%+4%+4%+4%=16% m.v. afurðast.verð. Mjólkurstöð tekur ekki við mjólk frá framleiðanda ef faldmeðaltal reglubundinna mælinga undangenginna 2 mánaða fer upp fyrir 600 þúsund einingar/ml.

[5] Ef lyfjaleifar mælast i mjólk frá framleiðanda þá er innleggið ekki skráð í mjólkurstöð auk þess sem innlegg mánaðarins er verðfellt um 15% af afurðastöðvaverði.

[6] Þar sem þessar mælingar eru gerðar.